

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2023

2023/EES/77/02

frá 17. mars 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/925 frá 14. júní 2022 um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882 að því er varðar skráða sjúkdóma í lagardýrum og skrána yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1183 frá 8. júlí 2022 um breytingu á II. og IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um greiningu á tilteknum skráðum sjúkdómum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1218 frá 14. júlí 2022 um breytingu á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinna skráðra sjúkdóma ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1188 frá 8. júlí 2022 um breytingu á I. og II. viðauka við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/260 að því er varðar aðildarríki eða hluta þeirra sem landsráðstafanir vegna tiltekinna lagardýrasjúkdóma eru samþykktar fyrir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882):

„, breytt með:

- **32022 R 0925:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/925 frá 14. júní 2022 (Stjtíð. ESB L 160, 15.6. 2022, bls. 30).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 160, 15.6.2022, bls. 30.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 188, 15.7.2022, bls. 65.

⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 184, 11.7.2022, bls. 59.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13k (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002):

„breytt með:

– **32022 R 1183**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1183 frá 8. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 184, 11.7. 2022, bls. 6).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13o (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260):

„– **32022 D 1188**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1188 frá 8. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 184, 11.7. 2022, bls. 59).“

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13r (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620):

„– **32022 R 1218**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1218 frá 14. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 188, 15.7. 2022, bls. 65).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/925, (ESB) 2022/1183 og (ESB) 2022/1218 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/1188 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.